



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

CARMEN! FANTASIA



18. MAÍ 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Mignon, forleikur: 9'

Petite suite: 13'

Poème: 16'

Alborada del gracioso: 7'

Carmen-fantasía: 14'

Capriccio Italien: 15'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIN 18 MAI 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

CARMEN- FANTASÍA

Yan Pascal Tortelier
hljómssveitarstjóri

Simone Lamsma
einleikari

EFNISSKRÁ

Ambroise Thomas
Mignon, forleikur (1866)

Claude Debussy
Petite suite (1899/1907)
En bateau
Cortège
Menuet
Ballet

Ernest Chausson
Poème (1896)

HLÉ

Maurice Ravel
Alborada del gracioso (1905/1918)

Pablo de Sarasate
Carmen-fantasía (1883)
Allegro moderato –
Moderato –
Lento assai –
Allegro moderato –
Moderato

Pjotr Tsjajkovskij
Capriccio Italien (1880)

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier lýkur senn fyrsta starfsári sínu sem aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en hann er tíundi stjórnandinn sem gegnir þeirri stöðu. Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu og faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfærði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Yan Pascal Tortelier stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrst á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1998 í verkum eftir Ravel, Hindemith, Fauré og Berg. Hann sneri aftur í Eldborg haustið 2012 þar sem hann stjórnaði Sinfóníu í d-moll eftir César Franck og Martin Fröst lék einleik í Peacock Tales eftir Anders Hillborg. Skemmst er að minnast tónleikaferðar til Gautaborgar í apríl síðastliðnum. Þar stjórnaði Tortelier Sinfóníuhljómsveit Íslands í hinu víðfræga tónlistarhúsi borgarinnar og hlaut tónlistarfólkið einróma lof tónleikagesta og gagnrýnenda fyrir flutning sinn.

Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgeststjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Mílanó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandos-útgáfunna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.



SIMONE LAM SMA

EINLEIKARI


Hollenski fiðluleikarinn Simone Lamsma hefur hlotið mikla athygli undanfarin ár fyrir glæsilegan leik sinn. Hún er fædd árið 1985, hóf fiðlunám 5 ára gömul og fluttist til Englands 11 ára til að læra við Yehudi Menuhin-skólann. Hún lék sinn fyrsta einleikskonsert með hljómsveit 14 ára og hefur síðan komið fram víða um heim, m.a. með Fílharmóníuhljómsveitunum í Stokkhólmi og Brussel, og ótal hljómsveitum í heimalandi sínu. Nýlega lék hún einleik með Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago og Þjóðarsinfóníuhljómsveitinni í Washington, sem hún hlaut mikið lof fyrir.

Yfirstandandi starfsár er annasamt hjá Lamsma, auk fjölmargra sinfóníutónleika vestanhafs hefur hún leikið með hljómsveitum í Japan, Belgíu, Bretlandi og á Írlandi. Í apríl síðastliðnum frumflutti hún, ásamt Fílharmóníusveit hollenska útvarpsins, fiðlukonsert eftir hollenska tónskáldið Matijs de Roo, sem hann samdi sérstaklega fyrir hana. Þeir tónleikar fóru fram í Concertgebouw-tónleikasalnum í Amsterdam, þar sem einleikarinn er á heimavelli.

Meðal þeirra stjórnenda sem Lamsma hefur starfað með eru Vladimir Jurowski, Sir Neville Marriner, Jaap van Zweden, Jiří Bělohlávek, Yannick Nézet-Séguin, James Gaffigan og Yan Pascal Tortelier. Hún hlaut Hollensku tónlistarverðlaunin 2010 og ári síðar var henni boðið að leika til heiðurs Beatrix Hollandsdrottningu, á tónleikum sem var sjónvarpað beint í Hollandi.

Lamsma er einnig virkur flytjandi kammertónlistar og í mars síðastliðnum þreytti hún frumraun sína í tveimur þekktum kammarmúsíksölum, Wigmore Hall í London og Carnegie Hall í New York. Þar frumflutti hún, ásamt píanóleikaranum Robert Kulek, verk eftir skoska tónskáldið James MacMillan.

Simone Lamsma leikur á Stradivarius-fiðlu frá árinu 1718.



AMBROISE THOMAS

MIGNON, FORLEIKUR

Forleikurinn að Mignon, frægustu óperu franska tónskáldsins Ambroise Thomas (1811–1896) hefst með hægum inngangi þar sem klarínnett, flauta og harpa skapa eftirvæntingafullt andrúmsloft. Laglínan sem þá tekur við í einleikshorni er úr einni af frægustu aríum óperunnar, *Þekkir þú landið þar sem appelsínutrén blómstra?* Hin unga Mignon syngur þar saknaðaróð til Ítalíu, landsins sem hún var numin brott frá, en hún hefur verið í haldi sígauna frá því í bernsku.

Óperan byggir á hluta úr skáldsögu eftir Þjóðverjann Johann Wolfgang von Goethe, *Lærlingsár Wilhelms Meister*, sem kom út 1796. Í óperunni segir frá því þegar ungur stúdent, Wilhelm að nafni, og eldri maður, Lothario, sem um langa hríð hefur leitað brottnuminnar dóttur sinnar, rekast á hóp sígauna og furða sig á framkomu þeirra við unga stúlku í hópnum. Þeir félagar frelsa stúlkuna úr klóm sígaunanna og varla þarf að fjölyrða um hvernig fer – Lothario reynist vera faðir Mignonar og þau Wilhelm fella hugi saman. Vitanlega voru sögulokin farsæl, annað kom ekki til greina í Opéra-Comique í París, þar sem óperan var frumflutt 1866. Fimm árum síðar var hún flutt í New Orleans og sama ár var Mignon sungin á ítölsku í New York.

Melódískt yfirbragð óperunnar féll áheyrendum vel í geð, þótt ýmsum gagnrýnendum hafi þótt tónlistin harla léttvæg og söguþráðurinn klénn. Talsverður sveigjanleiki virðist hafa einkennt flutning verksins, ef til boða stóðu færir söngvarar bætti tónskáldið við köflum þar sem hæfileikar þeirra fengu notið sín.

Annarri þekktri aríu úr verkinu bregður fyrir í síðari hluta forleiksins, það er fjörug pólónesa, *Ég er Titania*, sem Philine, keppinautur Mignonar um ástir Wilhelms, syngur í óperunni.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Forleikurinn að Mignon hefur einu sinni áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, á Listahátíð í Reykjavík 1994 undir stjórn Ricos Saccani. Þess má einnig geta að Debra Vanderlinde söng aríu Ófelíu úr óperunni Hamlet eftir Thomas á tónleikum með Sinfóníuhljóm-sveit Íslands á Listahátíð 1988.



CLAUDE DEBUSSY

PETITE SUITE

Lítill svíta franska tónskáldsins Claude Debussy (1862–1918) er í fjórum köflum, tveir þeir fyrstu bera heiti tveggja ljóða franska skáldsins Paul Verlaine, sem finna má í ljóðabókinni *Fêtes galantes* sem kom út 1869. Impressjónistinn Debussy var hugfanginn af ljóðum sýmbólistans Verlaine og tónsetti mörg þeirra fyrir rödd og píanó, en í *Litlu svítunni* frá 1889 má segja að ljóðin tvö, *Í báti* og *Fylgdarlið* séu hljóðskreytt.

Í fyrsta kaflanum erum við um borð í báti sem vaggar blíðlega í rökkrinu og sneiðir fimlega hjá hringiðum og straumum. Debussy lætur einkar vel að ná fram áhrifum vatns í tónlist sinni, hvort sem það er létt skvamp og rólegt gjálfur eins og hér eða ólgandi og óútreiknanlegt hafið sem birtist í símfónísku tónsmíðinni *La mer*, sem samín var einum sextán árum síðar.

Í ljóðinu sem annar kafli svítunnar dregur heiti sitt af fylgjumst við með ferðum glæsilegrar hefðarfrúar og fylgdarliðs hennar; einkennisklæddum litlum apa og mennskum sendisveini. Það er gustur á þeim og töluverður leikur í tónlistinni, jafnvel lúmskur undirtónn.

Ljóðabók Verlaines, *Fêtes galantes*, dregur nafn sitt af málverkum franska 18. aldar málarans Watteau, sem sýna prúðbúið hefðarfólk við leik og skemmtan, jafnvel dufl og daður, úti í fagurri og friðsælli náttúru. Þótt síðari kaflarnir tveir í *Litlu svítu* Debussys séu ekki tengdir ákveðnum ljóðum úr bókinni, eiga form þeirra, menúett og ballett, sér rætur í franskri tónlist frá 18. öld, kaflarnir allir bera með sér fortíðarþrá í bland við dulúð og dökka undirtóna, sem einkenndi ljóðabókina í heild. Líkt og í torræðum ljóðunum er í tónlistinni ýmislegt gefið í skyn fremur en staðhæft. Debussy og útgefandi hans Jacques Durand frumfluttu svítuna í París 1889 og léku þá fjórhent á píanó, en þannig var frumútgáfa verksins. Hljómsveitargerð svítunnar kom til sögunnar töluvert síðar, hana gerði Henri Büsser árið 1907.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Petite suite eftir Debussy hefur hljómað nokkrum sinnum á Íslandi í píanóbúningi, til dæmis á tónleikum Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur og Þorsteins Gauta Sigurðssonar í Iðnó 1998.

Sínfóníuhljómsveit Tónlistarskólans á Akureyri lék verkið í Hljómsveitarbúningi árið 1993 en Sínfóníuhljómsveit Íslands leikur það nú í fyrsta sinn.



ERNEST CHAUSSON

POÈME

„Ruglingsleg og undarleg tónsmíð, einstaklega erfitt verk, sem ekki mun höfða til margra“. Svona komust útgefendur að orði um Poème eftir franska tónskáldið Ernest Chausson (1855–1899), þegar leitast var eftir að fá verkið gefið út á nótum, ári eftir frumflutning þess 1896. Þrátt fyrir efasemdir útgefenda er Poème eitt þekktasta verk Chausson, það var samið fyrir belgíska fiðluleikarann Eugéne Ysaÿe, sem með stórkostlegum fiðluleik sínum vakti sköpunargáfuna hjá mörgum tónskáldum.

Flestir fiðluleikarar takast fyrir eða síðar á við þetta ljóðræna, draumkennda verk, sem er afar krefjandi fyrir flytjandann. Poème er skrifað fyrir fiðlu og hljómsveit, en sú síðarnefnda heldur sig oft til hlés meðan tjáningarríkur hljómur fiðlunnar fær að njóta sín til fulls.

Titillinn *Poème - Ljóð* - lætur lítið yfir sér, en upphaflega átti verkið að heita *Söngur sigursællar ástar*, sem er titill smásögu eftir Rússann Ivan Turgenev. Sagan gerist í Ferrara á Ítalíu á sextánda öld. Tveir vinir eru ástfangnir af sömu konunni, hún giftist öðrum þeirra, hinn reynir að sefa sársaukann með því að leggjast í ferðalög til framandi landa í austri. Hann snýr aftur margs vísari og í heimsókn til hjónanna dregur hann fram þriggja strengja hljóðfæri, klætt snákaskinni. Hann hefur að leika á hljóðfærið með boga, sem í er greypur gimsteinn. Áheyrendurnir tveir eru sem bergnumdir, í eyrum þeirra hringast laglínan og hlykkjast eins og snákur. Þegar tónlistinni lýkur eru hjónin í eins konar leiðslu, en hljóðfæraleikarinn kveðst hafa lært lagið á eyjunni Ceylon, þar sé þetta söngur um sigursæla ást.

Ekki er vitað hvers vegna Chausson breytti titlinum, en getgátur hafa lengi verið uppi um að samband persónanna í sögunni hafi átt sér hliðstæðu í vinahópi tónskáldsins og tilfinningaólgan orðið honum innblástur að verkinu.



MAURICE RAVEL

ALBORADA DEL GRACIOSO

Á 19. öld og fram á þá 20. sóttu frönsk tónskáld sér áhrif víða að, þau leituðu fanga í aðra tíma mannkynssögunnar, í aðrar listgreinar og til annarra landa og menningarheima. Tónlist Spánar, „blóðheita nágrannans í suðri“ var í sérstöku dálæti. Óperan *Carmen* eftir Bizet er skýrt dæmi um þetta, en einnig *Symphonie Espagnole* eftir Lalo og *España* eftir Chabrier. Tengsl Maurice Ravel (1875–1937) við Spán voru nánari en margra hinna, en basknesk móðir hans var alin upp í Madrid og spænsk menning var í hávegum höfð á bernskuheimili hans sjálfs í Frakklandi.

Alborada del gracioso – Morgunsöngur æringjans – var upphaflega einn af fimm þáttum píanóverksins *Miroirs* (Skuggsjá) sem Ravel samdi 1905. Prettán árum síðar umritaði tónskáldið verkið fyrir hljómsveit, og sú umritun er staðfesting á nánast fullkomnum tókum tónskáldsins á hljóðheimi símfóníuhljóm-sveitar. Margvíslegum litum og stemningu er miðlað með því að nota liti og blæbrigði hinna ýmsu hljóðfærahópa og stefna þeim jafnvel óvænt saman.

Morgunsöngurinn hefst á taktföstu gítarspili, sem plokkaðir strengir og harpa túlka í hljómsveitargerðinni, þá taka við líflegir suðrænir danstaktar, þar til tregafull og örflítið klaufaleg laglína fagottsins hljómar. Þar hefur æringinn upp raust sína, hirðfiflið eða trúðurinn, sem er þekkt minni úr evrópskum bókmenntum. Á Spáni má finna þessa persónu í 16. aldar gamanleikjum, þar er æringinn einfaldur, húsbóndahollur, hlægilegur og kannski dálítið sorglegur.

Talsverðar andstæður eru í verkinu, fjörugir taktar og ljóðræn stemning skiptast á, því lýkur svo með allsherjar hamangangi og tryllingi sem jaðrar við hamsleysi, en er nákvæmlega úthugsað gangverk úrsmiðssonarins Maurice Ravel.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Alborada del gracioso hefur tvisvar sinnum hljómað í meðförum Símfóníuhljómsveitar Íslands, undir stjórn Rumons Gamba í Háskólabíói árið 2002 og Eivinds Aadland í Hörpu 2015. Það hefur einnig hljómað alloft sem einleiksverk fyrir píanó, til dæmis á tónleikum rússneska píanistans Tamöru Gusévu árið 1954 og Helgu Bryndísar Magnúsdóttur árið 1992.



PABLO DE SARASATE

CARMEN-FANTASÍA

Franska tónskáldinu Georges Bizet (1838–1875) auðnaðist ekki að njóta þeirrar hylli sem hann hefði átt skilið í kjölfar gríðarlegra vinsælda óperu hans um sígaunastúlkuna og tóbaksverkakonuna Carmen, en hún var frumflutt í París við dræmar undirtektir skömmu fyrir andlát tónskáldsins. Grípandi taktar og stef óperunnar, sem Bizet sótti til áhrifa alþýðutónlistar á Spáni, áttu eftir að heilla áheyrendur um víðan völl. Lög í aragonaise-, habanera- og seguidilla-formi urðu allt í einu rauluð víða í Evrópu og jafnvel vestanhafs.

Spænski fiðluleikarinn Pablo de Sarasate (1844–1908) gerði líkt og margir snjallir tónlistarmenn samtíða honum, hann útsetti stef úr vinsælum tónverkum og gerði að svítum og fantasíum fyrir fábrottnari hljóðfærasmsetningar. Hafa verður í huga að á þessum tíma áttu ekki allir þess kost að fara í óperuna. Grammófóinninn var ekki kominn til sögunnar, hvað þá útvarpið, þannig að umritanir þekktra tónverka voru vel þegnar af tónlistarunnendum og jafnvel meðal sæmilega spilandi áhugahljóðfæraleikara.

Fiðluparturinn í *Carmen-fantasiunni* ópus 25 frá árinu 1882 er þó síður en svo á færi miðlungs-hljóðfæraleikara, hér þarf mikinn virtúós til, eins og Sarasate var sjálfur. Fiðluleikarar fá hér tækifæri til að sýna tæknilega snilli sína í útfærslum, sem við fyrstu sýn virðast nánast óspilanlegar. Þeir þurfa að hafa fullkomlega á valdi sínu spilatækni á borð við flageolet, glissando og pizzicato, trillur og skreytitóna. Tæknin ein og sér dugir þó ekki við flutning *Carmen-fantasiunnar*, þar þarf líka að sýna tilfinningalega dýpt og breidd, fiðlan syngur, dansar og daðrar, óspart og óforskammað, líkt og titilpersóna óperunnar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fjölmargir íslenskir fiðluleikarar hafa spreytt sig á Carmen-fantasiunni eftir Sarasate. Þeirra á meðal eru ýmsir félagar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrr og nú. Í reykvískum dagblöðum frá því í apríl 1930 er greint frá því að 14. apríl verði tónleikar í Gamla bíói þar sem franskur fiðluleikarinn Henry Marteau spili með aðstoð píanóleikarans Kurts Haeser ýmis verk, „síðast í röðinni kemur hin ágæta „Carmen Fantasie“ sem allir elska, hinar fegurstu tónsmíðar úr hinni frægu „Carmen“ óperu eftir Bizet, sem aflagði hinum látna fiðlukonungi Sarasate heimsfrægðar“. Kann að vera að þarna hafi fantasían hljómað í fyrsta sinn á tónleikum á Íslandi.



PJOTR TSJAJKOVSKÍJ

CAPRICCIO ITALIEN

Ekki einungis frönsk tónskáld 19. aldar urðu fyrir áhrifum af suður-evrópskri alþýðutónlist, hið sama gilti t.d. um rússnesk tónskáld. Glinka og Rimskíj-Korsakov sóttu í spænska músík, landi þeirra Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) í tónlist frá Ítalíu. Eitt verka hans þar sem ítölsk áhrif eru áberandi er *Capriccio Italien*, eða *Ítölsk gletta*, sem var frumflutt í Moskvu í desember 1880.

Tsjajkovskíj hafði ferðast um Evrópu sama ár í fylgd bróður síns, þeir voru staddir í Róm á Ítalíu þegar kjötkveðjuhátiðin stóð þar sem hæst og mikið líf og fjör var á götum úti, með tilheyrandi tónlist á strætum og torgum. Tónlistin sem umvafði Tsjajkovskíj meðan á dvöl hans í Róm stóð myndar grunninn að *Ítölsku glettunni*. Hann skrifar sjálfur í bréfi að stefin rekist hann ýmist á í rituðum söngvasöfnum eða þau leiti hann hreinilega uppi á gönguferðum um borgina.

Lúðrapyturinn í fyrsta þætti er endurómur minninga þeirra bræðra um morgunstundir á Hotel Constanzi í Róm, en næsta hús við hótelið var hermannaskáli þar sem farið var snemma á fætur við lúðrakall sem fór ekki framhjá hótelgestunum. Einn kafli glettunnar líkist helst fjörlegu danslagi leiknu af götumúsíkóntum. Þá kemur mars á alvarlegri nótum, kannski má aftur greina áhrif frá nálægðinni við hersveitina. Lokakaflinn er lífleg tarantella frá Napolí, *Ciccuzza*, lag sem hljómar bæði leikið og sungið enn þann dag í dag.

„Tónlist í frumlitunum, lagræn og laus við flækjur“ sagði tónskáldið sjálft um þessa glettu sína, sem hann var nokkuð ánægður með allt frá fyrstu drögum. Hann var sannfærður um að verkið myndi falla áheyrendum vel í geð og reyndist sannspár í þeim efnum, en *Ítalska glettan* er eitt af vinsælustu hljómsveitarverkum Tsjajkovskíjs og hljómar reglulega í tónlistarsölum heimsins.

Sigríður Stephensen

Á DÖFINNI

FIM 26 MAI 19:30



IBRAGIMOVA SPILAR BRAHMS

Alina Ibragimova er einn áhugaverðasti fiðluleikari sem komið hefur fram á sjónarsviðið síðustu ár. Hún leikur jöfnum höndum barokktónlist og nútímaverk og var staðarlistamaður Proms-tónlistarhátíðarinnar árið 2015. Fiðlukonsert Brahms er meðal þeirra verka hans sem oftast eru flutt, enda nær hann hér fullkomnu jafnvægi milli hins blíða og kraftmikla, hins háfleyga og jarðbundna. Sjaldan hefur eitt tónskáld átt jafn mikið undir viðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta símfónía Dmítrjís Sjostakovítsj var frumflutt í Leníngrad árið 1937. Margir telja símfóníuna einhverja þá mögnuðustu sem samin var á 20. öld. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.

FOS 09 JÚN 12:00



HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ RUMON GAMBA

Í júní 2017 mun SÍ hljóðrita disk með verkum sænska tónskáldsins Dags Wirén fyrir Chandos-útgáfuna. Af því tilefni verða haldnir hádegistónleikar í Eldborg þar sem áheyrendum gefst færi á að kynna Serenöðu fyrir strengi, vinsælasta verki Wiréns, og Símfóníu nr. 3. Hljómsveitarstjóri er Rumon Gamba.

Ókeypis inn og allir velkomnir.

NÝIR DISKAR FRÁ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

RECURRENCE


Nýr diskur með íslenskum hljómveitarverkum í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er kominn út. Bandaríska útgáfufyrirtækið Sono Luminus annaðist upptökurnar og Daníel Bjarnason, staðarlistamaður Sinfóníunnar, stjórnaði hljómveitinni.

Á disknum Recurrence má heyrna *Dreaming* eftir Önnu Þorvaldsdóttur, *Aequora* eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, *BD* eftir Hlyn A. Vilmarsson, *Flow & Fusion* eftir Þuríði Jónsdóttur og *Emergence* eftir Daníel Bjarnason.

CHORALIS

Finnska útgáfufyrirtækið Ondine gaf út diskinn Choralis með hljómveitarverkum Jóns Nordals í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðasta haust. Á disknum er að finna fimm verk eftir Jón; *Choralis*, *Adagio*, *Langnetti*, *Epitafion* og *Leiðslu*.

Upptökurnar fóru fram í Eldborg í ágúst 2015 undir stjórn sænska hljómveitarstjórans Johannesar Gustavsson. Þær voru samstarfsverkefni Ondine, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins.



HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

18. MAÍ 2017

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Mark Reedman
Ágústa María Jónsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

2. FIÐLA

Vera Panitch
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Laufey Jensdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard
Gunnhildur Daðadóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Daniel Schmitt
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Stefanía Ólafsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Peter Tompkins
Gillian Haworth

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Leendert Booyens
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar St. Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason
Einar Valur Scheving
Ólafur Hólm Einarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fíðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is